

- 3** samþykki sitt til þess, að þingstaður umgetins hrepps sje fluttur frá Hamraendum til þess staðar hjá Hlöðutúni, þar sem stendur nýbygt barnaskólahús hreppsins, með því skilyrði, að hreppsnefndin annist um, að til verði jafnan á hinum nýja þingstað hæfilegt hús til þinghaldanna.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og til frekari birtingar.

- 4** **Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um innflutning á hundi.**
12. mars Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá tannlækni V. Bernhöft um, að honum verði leyft að flytja hjer í land hund frá Færeyjum.
 Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál hefir stjórnarráðið samkvæmt lögum nr. 56 frá 10. nóv. 1905, sbr. lög nr. 25, 9. júlí 1909, veitt leyfi til þess með eftirfarandi skilyrðum:

- 1) að hundinum fylgi vottorð dýralæknis í Færeyjum um að hann hafi verið heill heilsu við útskipun þar, og að hann sje fluttur hingað beina leið,
- 2) að dýralæknir skoði hundinn áður en hann er fluttur hjer í land og hafi ekkert við heilbrigði hans að athuga,
- 3) að hundinum sje haldið í sóttkví, svo að hann komi ekki saman við aðra hunda, undir umsjón dýralæknis í 8 daga, og hann eftir þann tíma reynist að öllu leyti heilbrigður.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu, að nefndum tannlækni hefir verið tilkynt þetta hjeðan.

- 5** **Brjef stjórnarráðsins til bæjarfógetans í Reykjavík um innflutning á hundum.**
18. mars Stjórnarráðinu hefir borist beiðni frá Jóhanni kaupmanni Jóhannessyni hjer í bænum, fyrir hönd Björns læknis Jósefssonar, um að honum verði leyft að flytja hjer í land 2 hunda frá Danmörku.

Eftir að hafa leitað álits dýralæknisins í Reykjavík um þetta mál, hefir stjórnarráðið samkvæmt lögum nr. 56, frá 10. nóv. 1905, sbr. lög nr. 25, 9. júlí 1909, veitt leyfi til þessa með eftirfarandi skilyrðum:

- 1) að hundunum fylgi vottorð dýralæknis í Danmörku um, að þeir hafi verið heilir heilsu við útskipun þar í landi, og að þeir sjeu fluttir hingað beina leið,
- 2) að dýralæknir skoði hundana áður en þeir eru fluttir hjer í land og hafi ekkert við heilbrigði þeirra að athuga,
- 3) að hundunum sje haldið í sóttkví, svo að þeir komi ekki saman við aðra hunda, undir umsjón dýralæknis í 8 daga, og að þeir eftir þann tíma reynist að öllu leyti heilbrigðir.

Þetta er yður, herra bæjarfógeti, hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, að því viðbættu, að nefndum kaupmanni hefir verið tilkynt þetta hjeðan.